

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

14. nóvember 2025
UOS2501610/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 20. ágúst 2025 – ID 54

Þann 20. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fimm eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Geymsla úrgangs er til staðar (millilager) alveg við hlið urðunarstaðar Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk þar sem malbiksefni er geymt. Vert er að benda á að millilager er starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðiseftirlitinu skv. 72. tl. í viðauka IV laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sbr. 1.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar, sbr. 13. gr. rgl nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ber að gera grein fyrir öllum breytingum á starfsemi inni á urðunarstað, þ.m.t. breytingum sem gætu haft áhrif á skipulag svæðisins og þá á starfsleyfið vegna landfræðilegrar nálægðar og mögulega áhrifa á umhverfið. Allar breytingar skulu vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda ef við á, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið eftir því sem við á. **Í erindi frá rekstraraðila í svari um áminningu og kröfur um úrbætur, dags 22. ágúst 2025 kemur fram að heimild hafi verið veitt til að haugsetja efni vegna malbikunarframkvæmda í sveitarfélaginu. Efnið sé girt af og hefur ekki haft áhrif á urðunarsvæðið sjálft né valdið mengun inn á svæðið. Ekki kemur fram hvers kyns heimild hafi verið veitt. Malbik er ekki á meðal þeirra úrgangsflokka sem má taka á móti á eða við urðunarstað Mýrdalshrepps, samkvæmt starfsleyfi, nema að fram fari útskolunarpróf því til staðfestingar að um óvirkan úrgang ræðir og er geymsla þess því ekki í samræmi við starfsleyfi né í samræmi við skipulagsáætlanir. Stofnunin bendir á að sækja þarf um starfsleyfi fyrir geymslu úrgangsins eða**

fjarlægja hann. Þar sem stýttist í að gildistími starfsleyfis renni út, telur stofnunin rétt að umhverfisáhrif millilagers alveg við hlið urðunarstaðar skuli metin samhliða endurskoðuninni, verði úrgangurinn ekki fjarlægður. Fráviki er ólokið.

2. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt af með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokað nema þegar starfsemi fer fram. Hlið norðan þjóðveggar var opið við eftirlit og engin starfsemi í gangi. **Girðingar eru umhverfis urðunarstaðinn og er aðgangur um inngang einnig takmarkaður. Svæðið hefur verið læst og lokað fyrir aðgang. Rekstraraðili hefur til viðbótar sett upp lokunarskilti með aðvörunarmerkingum umhverfis urðunarstaðinn sem lýsir að óheimilt er að fara inn á urðunarstaðinn og losa úrgang án leyfis. Fráviki er lokið.**
3. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Úrgang skal leggja í urðunarrein og ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun hverju sinni fyrir hvern úrgangsflokk. Úrgangi inn á urðunarstað hefur verið komið fyrir á yfirborði urðunarstaðar, úrgangshaugar hafa staðið óhreyfðir lengi og eru ekki urðaðir sbr. verklagi starfsleyfis. **Þann 15. október sl. lagði rekstraraðili fram ljósmyndir til Umhverfis- og orkustofnunar sem sýna fram á að fullnægjandi frágangur hafi farið fram á urðunarstaðnum. Fráviki er lokið.**
4. Gr. 5.1 í starfsleyfi og varða ófullnægjandi skráningar og hafa verið sett fram í eftirliti árið 2021, 2023 og 2024. Sama frávik er sett fram í eftirliti á árinu 2025. **Fráviki er ólokið, og verður ekki hægt að ljúka því fyrr en skil á fullnægjandi skráningum berast frá rekstraraðila. Ef skráningar eiga ekki við ber að skila núllskráningum. Fráviki verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**
5. Gr. 5.3 í starfsleyfi og varða skil á niðurstöðum skráninga innan tilskilins tímafrests (sama frávik er sett fram í eftirliti ársins 2021, 2023 og 2024, Sama frávik er sett fram í eftirliti árið 2025. **Fráviki er ólokið, og verður ekki hægt að ljúka því fyrr en skil á fullnægjandi skráningum berast frá rekstraraðila og skilað innan tilskilins tímafrests. Fráviki verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. **Rekstraraðili verður að sækja um starfsleyfi sem allra fyrst**, en gildistími starfsleyfisins rennur út þann 1. júní 2026. Umhverfis- og orkustofnun hefur sett sér viðmið um 240 daga afgreiðslufrest á starfsleyfum fyrir mengandi starfsemi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gæta skal að því að öll nauðsynleg gögn fylgi með umsókn sbr. 6. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og skv. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Frávik frá gr. 1.1 í starfsleyfi. Samkvæmt upplýsingum úr gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar voru urðuð rúmlega 128 tonn inn á urðunarstað við Uxafótarlæk. Heimild starfsleyfis er 80 tonn.
2. Frávik frá gr. 1.1 í starfsleyfi. Varðar úrgang sem ekki fellur undir móttökuskilyrði starfsleyfis líkt og járn úr járnabindingum í múrbrotsúrgangi og plast sem ekki telst sem óvirkur úrgangur. Sjá þarf til þess að úrgangur sem fer inn á urðunarsvæðið samsvari móttökuskilyrðum starfsleyfis.
3. Frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda skrá yfir magn og tegundir úrgangs sem komið er fyrir á staðnum. Rekstraraðili skal einnig tryggja að takmörkun aðgangs sé til staðar og að urðunarstaðurinn sé skoðaður reglulega til að ganga úr skugga um að eingöngu sé að fara inn á urðunarstað, úrgangur sem passar við skilgreindar móttökuheimildir í starfsleyfi.
4. Frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfi. Ekki hefur verið gengið frá úrgangi sbr. verklagi fyrir daglegan frágang sem lýst er í starfsleyfi. **Þann 15. október lagði rekstraraðili fram ljósmyndir til Umhverfis- og orkustofnunar sem sýna fram á að fullnægjandi frágangur hafi farið fram á urðunarstaðnum. Fráviki er lokið.**
5. Frávik frá gr. 5.1 og varða ófullnægjandi skráningar. Skráningar rekstraraðila skulu vera í samræmi við starfsleyfi og einnig í samræmi við rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Skráningar lágu ekki fyrir þegar eftirlit fór fram. **Samkvæmt rekstraraðila hefur sjónrænt mat á magni þess efnis sem komið hefur verið inn á urðunarstað verið gert og niðurstöðum þess efnis skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Í eftirliti greindi rekstraraðili frá því að aðrar skráningar vegna ársins 2024 áttu ekki við um það ár. Ef skráningar eiga ekki við ber að skila núllskráningum. Frávikinu verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**
6. Frávik frá gr. 5.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engum skráningum var skilað inn á árinu vegna skráninga ársins 2024. **Þann 2. september var úrgangstölum skilað í gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar. Frávikinu verður fylgt eftir í næsta eftirliti, en rekstraraðila ber að skila skráningum í ársyfirliti í samræmi við 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber einnig að virða skilafrest skráninga.**

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnunin hefur heimild til álagningar stjórnvaldssekta, sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998, vegna frávika er varða skýrsluskil. Þetta er sérstaklega áréttað í ljósi þess að frávik er varða skýrsluskil og skráningar hafa verið ítrekað skráð í eftirlitum undanfarin ár.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin

berist stofnuninni eigi síðar en 5. desember 2025. Stofnunin mun senda sérstakt bréf varðandi þau frávik er veitt var áminning vegna þann 5.6.2025.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Frigg Thorlacius
lögfræðingur í teymi eftirlits